



UMHVERFIS  
STOFNUN

# Látrabjarg friðland

Stjórnunar- og verndaráætlun

**DRÖG**

Vesturbyggð - 2024







UMHVERFIS  
STOFNUN

**Heiti skýrslu** Stjórnunar- og verndaráætlun - Látrabjarg

**Útgáfunúmer** UST2024:04

**Mánuður, ár** Mars, 2024

**Ritstjórar** Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir

**Útgefandi** Umhverfisstofnun

**Forsíðumynd** Þórdís Björt Sigþórsdóttir

**Aðrar myndir** Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Jóhann Óli Hilmarsson,  
Edda Kristín Eiríksdóttir og Unsplash.

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

591 2000

ust@ust.is

ust.is





UMHVERFIS  
STOFNUN

Leiðarljós fyrir áætlun þessa er að standa  
vörð um lífríki Látrabjargs með skýrri  
stýringu umferðar um friðlandið, hæfilegum  
innviðum og fræðslu







UMHVERFIS  
STOFNUN

Alvotur stendur upp að knjám  
öldubrjóturinn kargi  
kagandi fram á kalda röst  
kvikur af fuglaþvargi;  
býsn eru meðan brothætt jörð  
brestur ekki undan fargi  
þar sem á hennar holu skurn  
hlaðið var Látrabjargi.

-Jón Helgason-  
-Áfangar-



# 1

## UMGJÖRÐ

*Um áætlunina*  
*Látrabjarg*  
*Kort af svæðinu*  
*Verndargildi og verndarflokkur*  
*Eignarhald og umsjón*  
*Stjórnsýsla*  
*Alþjóðlegar skuldbindingar*  
*Loftslagsþáttur*  
*Áskoranir og tækifæri*

# 2

## STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

*Samráð og samstarfshópur*  
*Áfangastaðir og ástandsmat*  
*Aðkomuleiðir*  
*Aðgengi fyrir fatlaða*  
*Vegir og bílastæði*  
*Byggingar*  
*Úrgangur*  
*Skilti*  
*Gönguleiðir*  
*Hjólaleiðir*  
*Reiðleiðir*  
*Umferð skipa og báta*  
*Mönnuð og ómönnuð loftför*  
*Næturdvöl*  
*Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald*  
*Klifur*  
*Gæludýr*

*Dýralíf*  
*Gróður og vistgerðir*  
*Jarðminjar*  
*Menningarminjar*  
*Landnotkun*  
*Veiðar*  
*Eggjataka í bjargi*  
*Landvarsla*  
*Fræðsla og kynning*  
*Öryggismál*  
*Rannsóknir og vöktun*  
*Heimildir*

# 3

## SÉRREGLUR



# Um áætlunina

Undirbúningur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg hófst í desember 2021. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að setja fram stefnu um verndun svæðisins og fjalla um hvernig viðhalda eigi verndargildi þess í sátt við landeigendur, samfélag og aðra hagsmunaaðila, m.a. með stýringu á umferð gesta. Áætluninni er ætlað að vera stjórnþæki til að móta framtíðarsýn og markmið.

Í fyrsta og öðrum kafla er samantekt á bakgrunnsupplýsingum um svæðið og lögð fram sú stefna og þau markmið sem sett eru fyrir verndarsvæðið ásamt leiðum sem farnar verða til að ná þeim markmiðum. Í þriðja kafla eru settar fram sérreglur sem gilda á svæðinu.

Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætlun er hlaupandi aðgerðaáætlun sem er uppfærð reglulega, m.a. í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun [landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#). Í aðgerðaáætlun eru bæði tilgreindar þær aðgerðir sem farið skal í árlega sem og tímasettar aðgerðir.

Áætlunin er sett fram í samræmi við 81. gr. [laga nr. 60/2013 um náttúruvernd](#) og skal endurskoðuð eftir því sem tilefni er til.

Látrabjarg, þ.e. Bæjarbjarg og hluti lands Hvallátra, er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsingu nr. 300/2021](#). Í áætluninni verður vísað til auglýsingarinnar sem friðlýsingarskilmála.

## Samstarfshópin skipuðu:

- Fulltrúar frá Umhverfisstofnun
- Fulltrúar landeigenda
- Fulltrúi frá Vesturbyggð

Eins var áætlunin unnin í góðu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.





## Samráð

Víðtækt samráð er mikilvægt til að ná fram markmiðum þessarar áætlunar. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar voru send bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar væri að hefjast. Í kjölfar greiningar á hagsmunum var þeim aðilum sem töldust hafa ríkra hagsmuna að gæta boðið á fundi. Þar voru til umræðu sértækir hagsmunir og áherslur auk þess sem falast var eftir upplýsingum sem að gagni gætu komið við ritun. Samgöngustofa kom að samráðsferli við notendur loftrýmis vegna reglusetningar um takmarkanir á lágflugi yfir friðlandinu á varptíma fugla.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun voru auglýst í sex vikur vorið 2024 og öllum athugasemdum og ábendingum var svarað í greinargerð á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Fundargerðir, hagsmunaaðilagreiningu og greinargerðir má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.









# Látrabjarg

Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og þar er mesta sjófuglabýggð Íslands. Það rís úr hafi yst við Breiðafjörð norðanverðan og vestasti hluti þess, Bjargtangar, er jafnframt vestasti oddi Íslands. Bjargið skiptist í fjóra hluta og dregur hver hluti heiti sitt af bæjarnöfnum í nágrenninu. Frá vestri til austurs nefnast hlutarnir Látrabjarg (Hvallátur), Bæjarbjarg (Saurbær á Rauðasandi), Breiðavíkurbjarg og Keflavíkurbjarg. Í daglegu tali er þó oft vísað til alls svæðisins sem Látrabjargs.

Markmið friðlýsingar Látrabjargs er að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki og búsvæði fugla og viðhalda náttúrulegu ástandi og mikilfenglegu landslagi frá sjávarmáli upp á hæstu brúnir. Enn fremur er markmið friðlýsingarinnar að vernda menningarminjar og menningararf svæðisins og stýra umferð gesta.

Bjargið allt er um 14 km langt og 444 m hátt þar sem hæst er, en sá hluti þess sem er innan friðlandsins er 9,7 km langur. Friðlandið nær til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols 2 km frá landi og er heildarstærð þess 37 ferkílómetrar.

Samspil manns og náttúru við nýtingu auðlinda á svæðinu hefur lengi verið náíð og fólk sem bjó í nágrenni Látrabjargs nýtti það til fæðuöflunar, bæði með fugla- og eggjatöku.

Líffræðileg fjölbreytni Látrabjargs er mikil og þar verpa m.a. tegundir á válistum og ábyrgðartegundir Íslendinga. Náttúrufegurð svæðisins er rómuð og í berginu má lesa jarðsögu Vestfjarða í hraunlögum. Látrabjarg er einnig þekkt fyrir að þar hafa orðið margir skipskaðar, og þekktast er strand togarans Dhooon árið 1947, einkum vegna hins mikla björgunarafreks sem fylgdi.

Látrabjarg er á lista [BirdLife International](#) sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Ítarlegri upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni [www.ust.is/latrabjarg](http://www.ust.is/latrabjarg).







# Látrabjarg



- Skýringar**
- Mörk friðlands
  - Tengivegur
  - Almennur vegur
  - Menningarminjar
  - - - Gonguslodi
  - - - Gongustigur
  - - - Stikuð leið

Flatarmál: 37,334 km <sup>2</sup>
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Umhverfisstofnun, dags. 15.3.2024




# Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi friðlandsins felst fyrst og fremst í því að svæðið er mikilvæg varpstöð sjófugla í einum mestu fuglabjörgum við Norður-Atlantshaf og líffræðilegur fjölbreytileiki er mikill. Af þessu leiðir að vísinda- og náttúruverndargildi er mjög hátt. Menningarsögulegt gildi, einkum í tengslum við landslag, nytjar, sjósókn og sagnir af skipsköðum er einnig hátt sem og jarðsögulegt gildi en landslagið er einkennandi fyrir landshlutann og í standberginu má lesa myndunarsögu Vestfjarða. Hagrænt gildi er talsvert fyrir aðila í nærsamfélaginu sem hafa óbeinar tekjur af svæðinu í tengslum við ferðapjónustu.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru landsvæði friðlýst sem friðlönd til að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til verndar lífríkis sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Þessi markmið falla vel að friðlýsingu Látrabjargs þar sem verið er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá sérstaklega því fuglalífi sem finnst í bjarginu en sumar af þeim tegundum sem þar finnast eru í hættu samkvæmt útgefnum válistum. Þá er markmiðið einnig að vernda þær menningarminjar sem á svæðinu eru sem og fjölbreytni landslags. Verndun Látrabjargs stuðlar því bæði að verndarmarkmiðum fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013 og fyrir jarð- og menningarminjar, sbr. 3. gr. sömu laga.

## IUCN

Samkvæmt aðferðarfræði [IUCN](#) (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna) um flokkun friðlýstra svæða, fellur friðlandið Látrabjarg í flokk IV. Svæði í þeim flokki eru friðlýst í þeim tilgangi að vernda tiltekin vistkerfi, vistgerðir, tegundir og búsvæði þeirra og miðast stjórnun svæðisins við þá forgangsröðun. Það sem gerir verndarflokk IV frábrugðinn öðrum verndarflokkum er að sérstök áhersla er lögð á verndun, viðhald og/eða endurheimt ákveðinna tegunda dýra eða jurta sem eru í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda fjölbreytt og sérstök lífríki. Dæmi um önnur friðlýst svæði á Íslandi sem falla í þennan flokk eru friðlandið í Flatey og friðlandið á Ingólfshöfða.





# Eignarhald og umsjón

Þeir hlutar Látrabjargs sem eru innan friðlandsmarka eru annarsvegar í eigu íslenska ríkisins (Bæjarbjarg) og hins vegar í eigu afkomenda þeirra sem bjuggu á Hvallátrum. Sá hluti er óskipt sameign og deila tugir einstaklinga eignarhaldi.

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur svæðisins sbr. 4. gr. friðlýsingarskilmála og 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stofnunin getur, að höfðu samráði við landeigendur, falið öðrum aðila umsjón með friðlandinu og skal þá gerður sérstakur samningur sem ráðherra staðfestir sbr. 85. gr. náttúruverndarlaga.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á sunnanverðum Vestfjöðrum hefur umsjón með friðlandinu og ber ábyrgð á framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við sveitarfélagið Vesturbyggð og landeigendur.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja.



# Stjórnsýsla

Í friðlýsingarskilmálum er að finna þær reglur sem um svæðið gilda og aðrar upplýsingar um friðlandið.

Íslensk löggjöf, sem hefur jafnframt þýðingu fyrir friðlandið Látrabjarg og stefnumótun þess, er m.a. eftirfarandi:

- [Lög um náttúruvernd nr. 60/2013](#)
- [Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994](#)
- [Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021](#)
- [Lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018](#)
- [Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011](#)
- [Lög um menningarminjar nr. 80/2012](#)
- [Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.](#)
- [Reglugerð 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum](#)

## Skipulagsáætlanir

Í gildi er [aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035](#). Í skipulaginu er Látrabjarg skilgreint sem friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum. Einnig er í gildi [deiliskipulag Látrabjargs](#).

## Vatnshlot

Látrabjarg liggur innan strandsjávarvatnshlotsins Svörtuloft að Horni (nr. 101-1391-C). Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027 er umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er lagalega bindandi og má ástand þess ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið. Hvorki vistfræðilegt né efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur verið metið (óflokkað) samkvæmt [vatnavefsja stjórnar vatnamála](#). Frekari upplýsingar um stjórn vatnamála ásamt vatnaáætlun er að finna á vefsíðunni [www.vatn.is](http://www.vatn.is).



# Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi, m.a. á sviði náttúruverndar. Eftirfarandi samningar eiga við um friðlandið Látrabjarg en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995.
- Bernar-samningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, fullgiltur árið 1993.
- Árósasamningurinn um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum, fullgiltur árið 2011.
- CAFF - samþykkt um lífríkisvernd á norðurslóðum, frá 1992.
- Landslagssamningur Evrópu, fullgiltur árið 2020.
- Ramsarsamningur, samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, fullgiltur árið 1978.





# Loftslagsþáttur

Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu en hún er mannkyni mikilvæg. Hugtakið vistkerfisþjónusta lýsir virkni vistkerfa og því hvernig þau skapa mannfólki „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts og með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum. Ólíkar vistgerðir skapa mismunandi vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og enn aðrar stuðla gegn neikvæðum áhrifum náttúruvár.

Heilbrigð vistkerfi geta vegið upp á móti þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa. Friðlýsing svæða er mikilvæg aðgerð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum þar sem þau vernda líffræðilegan fjölbreytileika og þá vistfræðilegu ferla sem þrífast innan þeirra. Friðlýst svæði geta virkað sem kolefnisgeymslur og viðnámssvæði fyrir nærliggjandi umhverfi og haft jákvæð áhrif á þá mikilvægu þjónustu sem náttúran veitir okkur.





# Áskoranir og tækifæri

Langstærstur hluti þeirra sem sækja Látrabjarg heim koma að Bjargtöngum og dvelja á svæðinu frá Bjargtangavita að Ritugjá og Stefni, áleiðis að Barðsbrekkum. Punktálag þar er hátt og nauðsynlegt að innviðir séu góðir. Með því að færa bílastæði fjær vitanum og útbúa göngustíg sem liggur í hring frá nýju bílastæði að Ritugjá og þaðan að vita, sbr. deiliskipulag, má dreifa álagi, hlífa svæðinu við ágangi og auka upplifun gesta.

Við bjargbrún ofan Stefnis hafa myndast djúpar rásir í gróðurþekjuna eftir umferð gangandi manna. Þær verða torfærar í bleytutíð sem leiðir til þess að nýjar rásir myndast með tíma við hlið hinna. Framkvæmdaaðgengi að svæðinu er erfitt, halli nokkur og hætta á því að mól myndi lítt festa eða þurfa mjög reglulegt viðhald og ofaníbúrd, komi aðrar ráðstafanir ekki til. Kanna þarf hvaða leiðir eru færar til að ráða bót á ástandinu og lagfæra, eftir föngum, þá bletti sem verst eru útleiknir.


Skortur á húsnæði og aðstöðuleysi landvarða hefur háð landvörslu á svæðinu nokkuð og tefur fyrir því að hægt sé að efla hana í samræmi við álag vegna gestasóknar. Tryggja þarf landvörðum við Látrabjarg hentugt húsnæði og aðstöðu.





## 2.

# Staða, stefna og leiðir





## 2. Staða, stefna og leiðir

Í þessum kafla er leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja árlegar aðgerðir.

Kaflinn er settur upp á þann hátt að fyrst er fjallað um það hver staðan varðandi tiltekið umfjöllunarefni er á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunar og svo er sett fram stefna þar sem við á og árlegar aðgerðir. Aðrar aðgerðir, sem fara þarf í á næstu árum svo verndarmarkmiðum verði náð, eru settar fram í meðfylgjandi aðgerðaáætlun. Aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni.

**Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.**

---

## Samstarfsnefnd og samráð

Í 4. gr. friðlýsingarskilmála fyrir svæðið kemur fram að með Umhverfisstofnun skuli starfa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúi stofnunarinnar, Vesturbyggðar og tveir fulltrúar landeigenda, tilnefndir af landeigendum Hvallátra. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar og skal hún funda eigi sjaldnar en tvisvar árlega. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um aðgerðaáætlun og landvörslu fyrir friðlandið, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni, breytingar á friðlýsingarskilmálum og önnur stefnumótandi mál sem varða friðlandið.

### Stefna

**Sátt verði um vernd og stjórnun friðlandsins Látrabjargs.**

**Umhverfisstofnun skal stuðla að sem víðtækustu samráði til að ná verndarmarkmiðum fyrir svæðið.**

### Árlegar aðgerðir

- **Samstarfsnefnd friðlandsins Látrabjargs skal funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári og fjalla um málefni friðlandsins.**



# Áfangastaðir

Áfangastaðir á friðlýstum svæðum eru staðir sem hafa sérstakt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og veita þeim ákveðna upplifun. Þetta geta verið uppbyggð eða lítt uppbyggð svæði, gönguleiðir og aðkomusvæði, t.d. bílastæði, eftir því sem við á.

Áfangastaðir krefjast sérstakrar athygli í rekstri náttúruverndarsvæða en að þeim beinist fjármagn til uppbyggingar og innan þeirra er sérstök áhersla á landvörslu. Áfangastaðir sem eru undir álagi vegna gestasóknar eru ástandsmetnir árlega.

Innan friðlandsins Látrabjargs er svæðið í kringum Bjargtanga metið sem áfangastaður undir álagi vegna gestasóknar.

Aðrir áfangastaðir eru:

- Geldingsskorardalur. Frá Keflavíkurvegi vestan Urðarhjalla liggur vegspotti í átt að Geldingsskorardal. Þar er bílastæði sem rúmar 7-8 bíla, upplýsingaskilti um strand togarans Dhoon og minnismerki um björgunarafrekið á Látrabjargi. Frá bílastæðinu er stikuð gönguleið að bjargbrún, nálægt Setnagjá, þaðan sem útsýni á Rauðasand er fagurt.

## Stefna

***Uppbygging á áfangastöðum skal skipulögð og fjármögnuð til að anna þeirri umferð sem um svæðið fer með stýringu. Innviðir skulu falla vel að umhverfi sínu og ekki vera umfangsmeiri en þörf krefur. Áhersla landvörslu beinist að áfangastöðum.***



# Ástandsmat

Árlega skal vinna ástandsmat fyrir þá áningarstaði innan friðlandsins sem eru undir álagi vegna gestasóknar. Matinu er ætlað að vera mælistika á ástand náttúru og innviða og sýna hvort og þá hvernig það breytist með tíma. Ástandsmat er gert fyrir Bjargtanga og afmarkast svæðið af bílastæði, Bjargtangavita og gönguleiðinni áleiðis að Barðsbrekkum. Myndist gestaálag á öðrum stöðum innan friðlandsins skulu þeir skilgreindir og ástandsmetnir.

## Árlegar aðgerðir:

- **Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna.**



# Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði

Á bifreið er aðeins hægt að komast að Látrabjargi eftir Örlygshafnarvegi nr. 612 sem endar í botnlanga við vitann á Bjargtöngum. Um Látraheiði liggur vegur að Keflavík og af honum vegspotti að bílastæði ofan Geldingssskorardals. Friðlandsmörkin skera vegi við Brunnanúp og bílastæði við Geldingssskorardal.

Rauðisandur er á C-hluta náttúruminjaskrár og á milli svæðanna er fært fyrir fótgangandi. Gönguleiðin nýtur aukinna vinsælda. Að friðlandinu liggur svæðið Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík sem einnig er á C-hluta náttúruminjaskrár.

Látrabjarg er nyrðri útvörður Breiðafjarðar en fjörur og eyjar hans innanverðs eru verndaður með [lögum nr. 54/1995](#).

---

## Aðgengi fyrir fatlaða

Gott aðgengi að umhverfi og náttúru felur m.a. í sér að fatlað fólk komist um án hindrana eða sérstakra ráðstafana. Í þessum kafla er þó fyrst og fremst fjallað um aðgengi hreyfihamlaðra þar sem ekki hefur verið mótuð stefna fyrir aðgengi fólks með annars konar fötlun. Umhverfisstofnun hefur unnið greiningu á aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á friðlýstum svæðum. Í þeirri greiningu var stuðst við flokkunarviðmið sem Ferðamálastofa gaf út í samvinnu við ÖBÍ réttindasamtök, Ferðaþjónustu bænda, Ferðamálasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Göngustígar og -slóðar innan friðlandsins eru almennt ekki færir hreyfihömluðum ef frá er talinn malarstígur frá bílastæði að Bjargtangavita og áhaldahúsi, þar sem finna má upplýsingaskilti um Látrabjarg. Salerni á Brunnum er útbúið aðstöðu fyrir hreyfihamlaða. Það er utan friðlandsmarka en þjónar gestum friðlandsins.

### Stefna

***Aðkoma að bílastæði á Bjargtöngum verði með þeim hætti að aðgengi hreyfihamlaðra sé tryggt. Við hönnun á gönguleiðum skal tekið tillit til algildrar hönnunar þar sem landslag er þess eðlis að hægt er.***









# Vegir og bílastæði

Að friðlandinu liggur Örlygshafnarvegur nr. 612 að bílastæði við Bjargtanga, þar er rými fyrir um þrjátíu bíla. Af Keflavíkurvegi liggur vegspotti að bílastæði ofan Geldingssskorardals, þar rúmast 7-8 bílar. Allir vegir aðliggjandi og innan friðlandsins ásamt bílastæðum eru malarbornir.

## Byggingar

Á Bjargtöngum er viti frá árinu 1948 sem er friðlýstur. Nærri vitanum er áhaldahús byggt 1960 sem er í umsjón Vegagerðarinnar.


Við Brunna í Látravík, sem er utan friðlandsmarka, er nýlegt salernishús í eigu Umhverfisstofnunar og þjónar það gestum friðlandsins. Í húsinu eru tvö salernisrými, annað með aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

### Stefna

***Ekki er stefnt að því að reisa fleiri byggingar innan friðlandsins.***

## Úrgangur

Sorphirða getur haft í för með sér skaðleg áhrif á landslag og staði sem hafa sérstakt gildi sbr. orðalag í 1.gr. [reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs](#). Engin sorphirða er innan friðlandsins eða í grennd við það. Gestir skulu taka með sér allt það sem komið er með inn á svæðið, þ.m.t. allan úrgang og tóbaksúrgang og sjá um að koma þeim úrgangi sem til fellur á móttöku- eða söfnunarstöðvar.









# Skilti

Við bílastæði á Bjargtöngum er skiltaborg fyrir fjögur skilti og eru tvö pláss í notkun. Skiltin eru merkt Vesturbyggð, Ferðamálastofu og fleiri aðilum. Annað skiltanna segir frá strandi togarans Dhoon og björgunarafrekinu á fjórum tungumálum og hitt varar við hættum á bjargbrún. Á áhaldahúsi er stórt fræðsluskilti og tvö minni skilti merkt Umhverfisstofnun. Þau segja m.a. frá nytjum, lífríki og jarðfræði bjargsins. Hönnuð hafa verið og prentuð sex fræðsluskilti, eitt fyrir hvern einkennisfugl Látrabjargs, sem sett verða upp við gönguleið frá bílastæði á Bjargtöngum að Ritugjá. Við bílastæði ofan Geldingssskorardals er skilti sem segir frá björgunarafrekinu við Látrabjarg merkt Umhverfisstofnun.

Við öryggisgirðingu á bjargbrún eru skilti sem vara gesti við því að fara út fyrir girðingu vegna hrinhættu og fuglaverndar. Nálægt bjargbrún ofan Stefnis er varúðarskilti um leiðina framundan. Bann- og varúðarskilti eru einnig við bílastæði. Nokkrar táknmyndir eru á víð og dreif við bílastæði og gönguleiðir.

## Stefna

*Upplýsingar um náttúru, gildi, innviði og reglur svæðisins skulu vera skýrar og aðgengilegar gestum. Fræðslu-, upplýsinga- og varúðarskiltum skalt bætt við þau sem fyrir eru, eftir þörfum og þar sem við á.*



# Gönguleiðir

Frá bílastæðinu á Bjargtöngum liggja tvær gönguleiðir. Önnur að Bjargtangavita þar sem útsýni er að Ritugjá og Stefni en einnig á hleinar í fjöruborði neðan vitans þar sem oft má sjá seli. Hin leiðin liggur beint upp af bílastæði í átt að Smáhömrum og Ritugjá og upp fyrir Stefni. Frá Stefni er útsýni á vitann og Ritugjá gott. Ofan Stefnis, á brúnum bjargsins, er útsýni austur eftir Látrabjargi og á Barðið. Leiðin eftir bjargbrún frá vita að Stefni er einnig gengin en þar er ekki eiginlegur stígur, sú leið er vörðuð öryggisbandi á bjargbrún. Uppstig í steintröppum við Smáhamra er hátt og leiðin er þröng þannig að erfitt er að mætast án þess að fara út fyrir tröppurnar.

Víða á bjargbrúninni ofan Stefnis eru djúp rof í gróðurþekju vegna umferðar gangandi. Rásir hafa myndast meðfram bjargbrúninni og þar sem mest er, eru þær sjö- eða áttfaldar. Ástand slóðans breytist með veðurfari og versnar sýnilega þegar sumur eru votviðrasöm.

Frá bílastæði ofan Geldingssskorardals liggur stikuð gönguleið að bjargbrún. Þaðan er útsýni gott í austurátt að Keflavík og Rauðasandi. Frá bílastæðinu er einnig hægt að ganga sem leið liggur eftir bjargbrún að Bjargtangavita um 8 km og eru víða útsýnisstaðir á þeirri leið.

Göngustafi, aðra en þá sem gegna hlutverki hjálpartækja aldraðra og fatlaðra, er óheimilt að nota innan friðlandsins.

## Stefna

***Gönguleiðir skulu vera í samræmi við friðlýsingaskilmála og deiliskipulag. Göngustígar skulu vera vel merktir, í góðu ásigkomulagi og öruggir svo gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra.***

## Árlegar aðgerðir

- ***Gönguleiðir skulu ástandsskoðaðar og lagfærðar eftir föngum. Verði vart við hættur á gönguleiðum nálægt bjargbrún skal girða hættusvæði af eða auðkenna með skýrum hætti.***





# Hjólaleiðir

Engar eiginlegar hjólaleiðir eru innan friðlandsins en umferð hefðbundinna reiðhjóla er leyfð á vegum og gönguleiðum sem lýst er að ofan.

## Árlegar aðgerðir

- *Gönguleiðir skulu ástandsskoðaðar með tilliti til álags vegna umferðar hjóla.*

---

# Reiðleiðir

Ekki er gert ráð fyrir umferð ríðandi manna innan friðlandsins en ef ráðgert er að fara á hestum um friðlandið eða hafa þar viðdvöl með hross skal hafa samráð við Umhverfisstofnun sbr. 4. mgr. 20. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

---

# Umferð skipa og báta

Öll umferð og landtaka skipa og báta innan friðlandsins er óheimil sbr. 6. gr. friðlýsingarskilmála.

Undanskilið banninu er eftirfarandi:

- Umferð og landtaka vegna nytja hefðbundinna hlunninda.
- Umferð landeigenda sem er ekki í atvinnuskyni.
- Umferð skipa og báta vegna hefðbundinna veiða í sjó með handfæri.
- Umferð kajaka. Kajakaræðrar skulu tilkynna Umhverfisstofnun um ferðir sínar undir Látrabjarg áður en þeir leggja af stað.
- Umferð og landtaka vegna rannsókna.
- Umferð skipa og báta sem leita vars undir Látrabjargi vegna veðurs og sjólags.
- Umferð skipa og báta er heimil eftir hefðbundnum siglingaleiðum vestur frá Bjargtöngum og um Látraröst vegna öryggis sjófarenda.



# Mönnuð og ómönnuð loftför

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum flugs á fugla hafa leitt í ljós að flugumsvif geta haft neikvæð áhrif á varpárangur á viðkvæmasta tíma fugla. Allt flug undir 3500 fetum yfir sjávarmáli er óheimilt innan marka friðlandsins á tímabilinu frá 1. apríl - 31. ágúst árlega. Þ.m.t. er flug flugvéla, þyrta, svifdreka, svifvængja og vélknúinna fisa. Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara (dróna) er óheimilt innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Undanskilið reglum um ofangreindar takmarkanir og bönn eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annara stofnana sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.

## Sérregla

Til að vernda einstakt lífríki Látrabjargs er allt flug innan 3500 feta frá sjávarmáli innan friðlandsins óheimilt á tímabilinu 1. apríl – 31. ágúst.

## Stefna

*Vernda skal náttúrukyrrð friðlandsins og raska hvorki dýralífi né trufla upplifun gesta.*

---

## Næturdvöl

Næturdvöl og tjöldun er óheimil innan friðlandsins sbr. 7. gr. friðlýsingarskilmála. Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla en gestir geta nýtt áningasvæði á Brunnum til matargerðar.





# Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald

Undanfarin ár hefur áhugi á kvikmynda- og ljósmyndatökum, listviðburðum og samkomuhaldi innan friðlýstra svæða á Íslandi aukist. Verkefni og athafnir af þessu tagi geta haft í för með sér neikvæð áhrif á lífríki og umhverfi og eru því leyfisskyld. Leyfishafar hlýta leiðbeiningum, skilyrðum, og eftir atvikum, eftirliti Umhverfisstofnunar.

Kvikmyndatökur, listviðburðir og samkomuhald í friðlandinu er óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

---

## Klifur

Ástundun klifurs og sigs getur haft truflandi áhrif á fugl í Látrabjargi og getur verið hættulegt nema til komi nán þekking og reynsla á svæðinu. Til verndar fuglalífi og vegna öryggissjónarmiða er gestum óheimilt að síga í bjargið eða stunda klifur innan friðlandsins án leyfis Umhverfisstofnunar sbr. 7. gr. friðlýsingarskilmála.


### Sérregla

Klifur og sig, annað en það sem tengist nytjum landeigenda, er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

---

## Gæludýr

Óheimilt er að hafa gæludýr í friðlandinu frá 1. maí til 15. september vegna fuglaverndar sbr. 6. gr. friðlýsingarskilmála. Utan þess tíma skal hafa gæludýr í bandi og fjarlægja frá þeim úrgang. Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki friðlandsins, skemmdum á náttúru og menningarminjum eða valdi gestum ónæði.



# Dýralíf

Fuglar eru umfangsmikill hluti hins sýnilega lífríkis á Íslandi og þó tegundaauði sé ekki mikil þá eru íslenskir fuglastofnar í sumum tilfellum svo stórt hlutfall af Evrópu- og jafnvel heimsstofni viðkomandi tegundar að nokkrar þeirra hafa verið skilgreindar sem ábyrgðartegundir Íslands. Þetta þýðir að Ísland ber sérstaka ábyrgð á tilteknum tegundum þar eð afar mikilvægt er talið að vernda búsvæði þeirra og aðstæður á Íslandi m.t.t. alþjóðlegra verndarsjónarmiða. Helstu varpfuglategundir í Látrabjargi hafa allar verið skilgreindar sem ábyrgðartegundir Íslendinga: álka, lundi, langvía, stuttnefja, rita og fýll. Af þessum tegundum koma allar nema álka einnig fyrir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lundi er tegund í bráðri hættu, fýll og stuttnefja eru tegundir í hættu, langvía og rita í nokkurri hættu og loks er álka skilgreind sem tegund í yfirvofandi hættu á að lenda á válista.

Meðal annara varptegunda á Látrabjargi má nefna toppskarf, teistu, hvítmáf, svartbak, hrafn, smyrl og fálka og smáfugla svos em músarrindil og maríuerlu. Á fartíma vor og haust sjást m.a. margæsir og rauðbrystingar á ferð við Látrabjarg [2,9]. Fyrsta staðfesta varp sportittlings á Íslandi, sem er reglulegur fargestur, var staðfest á svæði sem er innan friðlandsins árið 2007 [6].

Hið fjölskrúðuga fuglalíf svæðisins byggir á góðu fæðuframboði og hentugum búsvæðum fyrir sjófugla. Þeir ala allan sinn aldur á sjó en koma á land til að verpa og þá er líflegt um að litast í Látrabjargi og fuglahljóð fylla loftið. Svæðið er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði í flokknum sjófuglabbyggðir og uppfyllir fimm viðmið Alþjóðlegru fuglaverndarsamtakanna sem skipa því á listann. Á meðal annara svæða í nágrenni Látrabjargs sem einnig eru á lista yfir mikilvægar sjófuglabbyggðir má telja Sandsfjöll, Bjarnarnúp og Blakk.

Bjargfuglastofnar við Íslandsstrendur hafa verið í hnignun undanfarna áratugi. Það má að öllum líkindum skýra út frá breytingum í hafi af völdum loftslagsbreytinga en þær hafa neikvæð áhrif á fæðustofna fuglanna í sjó [8]. Því er mikilvægt að bæta ekki álagi á fuglana við það sem fyrir er ef hægt er að komast hjá því. Meðal reglna sem settar hafa verið á Látrabjargi í þessum tilgangi eru takmarkanir á flugi dróna, takmarkanir á umferð skipa og báta og takmarkanir á lágflugi yfir friðlandinu á varptíma.





Heildarmat á varpstofnum bjargfugla á Íslandi hefur farið fram þrisvar sinnum frá árinu 1984. Í Látrabjargi hefur fugl verið talinn fjórum sinnum: árin 1984, 2006, 2009 og 2021. Á þeim fjórum áratugum sem liðnir eru frá fyrstu talningu hefur álku fækkað um rúmlega helming, langvíu og ritu hefur fækkað um tæplega helming, fýl hefur fækkað um það bil um helming en stuttnefja sker sig úr og er fjöldi para í dag um einn sjöundi af því sem var árið 1984 [3,4,14]. Samkvæmt grófu mati hefur lunda fækkað úr 50.000 pörum árið 2000 [4,13] í 22.000 pör árið 2021 [7] en að sögn fuglafræðinga er erfitt að meta fjölda í lundavarpri á Látrabjargi.

Varpárangur langvíu, stuttnefju, álku, ritu og fýls hefur verið vaktaður í Látrabjargi frá árinu 2017 með sniðtalningum og vöktunarmyndavélum og sér Náttúrustofa Norðausturlands um þá vöktun [15,16].


Refurinn á nokkur greni í Látrabjargi og minkur hefur komið sér þar fyrir eins og annars staðar. Hagamús á þar líka heima og á fjöru liggja útselir oft á hleinunum neðan Bjargtanga og sjást vel frá svæðinu við vitann. Einnig má gjarnan sjá seli í sjónum undan Seljavík. Ef sjón er skörp, sjór stilltur og heppnin með þá kemur fyrir að greina megi hvali blása í sjónum af brúnum bjargsins. Heimildir eru til um að bjarndýr hafi komið á land undir Látrabjargi, síðast um miðja 19. öld [9].

Smádýralíf er nokkuð og eru flugur þar mest áberandi en lundalús má finna á bjargbrún og í hillum bjargsins þar sem fuglinn verpir [2,9].

Neðan bjargsins eru stórgrýttar fjörur með þangi milli brimbarinna steina og á grjótinu þrífst smádýralíf svo sem klettadoppur, hrúðurkarlar og nákuðungar [9] en lífríki í sjónum hefur ekki verið rannsakað sérstaklega.

## Stefna

*Vernda skal lífríki friðlandsins og vistkerfi og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu.*









# Gróður og vistgerðir

Samkvæmt vistgerðakorti NÍ er sjávarkletta- og eyjavist mest áberandi á svæðinu. Vistgerðinni er lýst sem mjög gróskumiklu gras- og blómlendi í fuglabjörgum og eyjum undir miklum áhrifum af sjávarseltu og áburði frá sjófugli. Ríkjandi tegundir eru ætihvönn, melgresi og bugðupunktur og er verndargildi vistgerðarinnar hátt. Aðrar vistgerðir sem falla í þann flokk á svæðinu eru finnungsvist, lyngmóavist og runnamýravist. Eina vistgerð er þar að finna sem er flokkuð með mjög hátt verndargildi og er það starungsmýravist. Þá eru tvær vistgerðir flokkaðar með miðlungs hátt verndargildi, fjalldrapamóavist og stinnastaravist. Allar ofantaldar vistgerðir eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Innan friðlandsins eru sjávarfitjar og leirur og lítt raskað votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Innan friðlandsins finnst afar sjaldgæf flétta á landsvísu, bjargstrý og stefánssól sem er friðlýst planta.

## Ágengar framandi tegundir

Engar ágengar og/eða framandi tegundir er að finna í friðlandinu en vitað er til þess að bjarnarkló hafi nýverið fundist í nálægum vikum. Verði ágengra tegunda vart innan friðlandsins mun Umhverfisstofnun bregðast við með viðeigandi aðgerðum til upprætingar.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum í friðlandinu.

## Sérregla

Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og að beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og landeigendur.

## Stefna

*Til verndar jarðvegs á bjargbrún er stefnt að því að laga ummerki eftir gangandi umferð á þeim stöðum sem verst eru farnir.*

## Árlegar aðgerðir

- *Fylgst verði með ástandi náttúrufars og innviða og ráðstafanir um úrbætur gerðar eftir því sem þörf er á, sem hluti af ástandsmati.*









# Jarðminjar

Látrabjarg endurspeglar jarðsögu Vestfjarða þar sem há standbjörgin eru byggð upp af hraunlögum og bera vitni um rof á ísöld.

Látrabjarg er hluti af jarðlagastaflanum við Breiðafjörð og hallar jarðlögunum flestum að rekbeltunum. Jarðlagastaflinn er nokkuð reglulegur, að mestu úr basalti (blágrýti), fornum hraunlögum sem hafa safnast upp á löngum tíma [1].

Á milli hraunlaganna eru þunn setlög sem að uppruna eru forn jarðvegur. Neðstu jarðlögin eru 13 og 16 milljón ára gömul og eru með elstu bergmyndunum landsins. Þau lög sem veðrast fyrr eru millilögin og eru því blágrýtislögin greinilegri og ofan á þeim myndast sillur [11].

## Stefna

***Stefnt skal að því að jarðminjar svæðisins fái að þróast á eigin forsendum. Leita skal leiða til að veita fólki tækifæri til náttúruskoðunar á svæðinu með góðri stýringu gesta, án þess þó að skerða jarðminjar.***

# Menningarminjar

Menningarlandslag friðlandsins er samofið búsetusögu þeirra kynslóða sem bjuggu í nágrenni Látrabjargs frá landnámi og allt fram á okkar daga. Fólk nýtti gjafir náttúrunnar til að draga fram líf í harðbýlu landi og þróaði aðferðir við að nálgast mikilvæga próteingjafa í bjarginu með eggja- og fuglatöku auk þess sem sótt var á fengsæl fiskimið í nágrenninu.

Talið er mögulegt að fornar leifar býlisins Bása sé að finna ofan Seljavarar en eldri heimildir segja að bærinn hafi farið í eyði í svartadauða, á 14. öld.

Minjar um Látrasel í Seljadal teljast merkilegar í þeim skilningi að líklega hafi hvergi á Vestfjörðum verið lengur haft í seli en þar [5,9,12].

Talsvert er um minjar innan marka hins friðlýsta og um þær má m.a. fræðast í [minjavefsja](#) Minjastofnunar Íslands. Á nokkrum stöðum við brún bjargsins liggur gönguslóðin um gömul fuglabyrgi og stafar þeim minjum hættu af raski vegna umferðar. Tvær fornleifaskráningar hafa verið gerðar á landsvæðinu, hin fyrri árið 1995 [10] og seinni 2016 [5].




Á Bjargtöngum er Bjargtangaviti en hann var reistur árið 1948 og friðlýstur 2003 með sérstakri ákvörðun. Friðunin tekur til ytra og innra borðs vitans ásamt umhverfi hans út að bjargbrún vestan hans og til hluta hrings með 100 m radíus út frá vitanum í norður, austur og suður.

Innan friðlandsins eru mörg örnefni sem vísa í þjóðsögur og sagnir um nytjar, hrakfarir og sjósjókn við Látrabjarg. Þau gæða landið lífi og tengja nútímamenn við djúpsögu svæðisins.

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

## **Stefna**

*Ef menningarminjum innan friðlandsins eru gerð skil í fræðsluefni Umhverfisstofnunar skal það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.*









# Landnotkun

Látrabjarg var um aldir nytjað til fugla- og eggjatöku og var matarkista fólksins sem bjó í nágrenni þess. Í dag nytja landeigendur bjargið til eggjatöku og handfæraveiðar eru stundaðar í litlum mæli innan friðlandsins. Engin skipulögð beit eða landbúnaður er innan þess eða í nágrenninu en þó kemur fyrir að fé sjáist þar. Að öðru leyti er svæðið nýtt til útivistar og er fjölsóttur áfangastaður ferðamanna á Vestfjörðum.

## Stefna

*Öll landnotkun innan friðlandsins verði með sjálfbærum hætti og í samræmi við markmið um verndun svæðisins, skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.*

## Veiðar

Fuglaveiðar í Látrabjargi voru stundaðar fram að seinni heimsstyrjöld en lögðust þá að mestu af ef frá er talin lítilsháttar fuglatekja fram á sjöunda áratug 20. aldar.

Fuglaveiðar teljast ekki lengur til hefðbundinna nytja landeigenda og í dag er óheimilt að veiða fugl innan friðlandsins sbr. 10. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu, eða gagnvart tiltekinni tegund, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Öll meðferð skotvopna er bönnuð, að undanskildum þeim er tengjast veiðum á mink og ref í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994.

## Handfæraveiðar

Friðlandið er nytjað í litlum mæli til handfæraveiða og eru slíkar veiðar heimilar skv. friðlýsingarskilmálum. Veiðarnar standa yfir í maí-júní en þær eru takmarkaðar við tíma eða kvóta og veiðitímabilinu getur því hnikað lítilsháttar milli ára. Þegar veitt er við Látrabjarg eru bátarnir í u.þ.b. 100-200 metra fjarlægð frá bjarginu þar sem aðdjúpt er. Þorskur er veiddur á 13-14 faðma dýpi og mun besta svæðið vera austan Nýurðar þar sem finna má kant sem þorskurinn fylgir. Látrabjarg er ekki talið fengsælt veiðisvæði og leita handfæraveiðimenn oftast á önnur mið í nágrenninu.

Sé sýnt fram á að handfæraveiðar ógni verndargildi svæðisins er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka veiðar í sjó.



# Eggjataka í bjargi

Í Látrabjargi hafa sjálfbærar eggjanyttjar verið stundaðar í árhundruð. Sjálfbærnin felst í því að eggjataka er tímasett þannig að fuglinn hafi möguleika á að verpa aftur og koma upp unga þrátt fyrir að fyrsta eggjið sé tekið. Egg eru aðeins tekin einu sinni á hverju svæði að vori.

Tímasetning eggjatöku er frá miðjum maí til mánaðamóta maí/júní en getur hnikað til eftir tíð og náttúrufari. Sigmenn notast við sexhjól til að komast á sigstaði á bjargbrún með þungan vað og í hjólið er vaðurinn festur þegar híft er. Vegslóði sem liggur frá Bjargtöngum, framhá Bugatjörnum, upp Seljadal og að bjargbrún er einvörðungu notaður við eggjanyttjar og er aðgengi að slóðanum takmarkað við þann tilgang skv. aðalskipulagi Vesturbyggðar. Eggjataka er einnig stunduð frá sjó og er þá farið að bjarginu á léttabátum og fólk sett í land.

Stofnar bjargfugla við Íslandsstrendur eru í yfirstandandi hnignun vegna umhverfisþátta sem skýra má út frá breytingum í hafi, m.a. vegna loftslagsbreytinga, en þær hafa áhrif á fæðustofna fugla [8].

Skv. 12. gr. friðlýsingarskilmála Látrabjargs er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka eggjatöku ákveðinna tegunda sé sýnt fram á að fækkað hafi í stofni og hann eigi undir högg að sækja. Takmörkun eggjatöku gæti verið viðeigandi ef áframhaldandi fækkun í stofnum á sér stað og rannsóknir sýna fram á neikvæð áhrif eggjatöku, s.s. að síðbúið varp sé síður líklegt til árangurs.

## Sérregla

Landeigendum er ekki heimilt að framselja rétt sinn til eggjanyttja nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

## Stefna

***Stefnt skal að því að heimildir landeigenda til hefðbundinna eggjanyttja verði áfram eins og verið hefur, enda séu þær stundaðar með sjálfbærum hætti og landeigendur standa vörð um þá þekkingu og minjar sem tengjast eggjatöku í Látrabjargi.***







# Landvarsla

Landvarsla á Látrabjargi er viðhöfð um 10-12 vikna skeið yfir háannatíma í júní, júlí og ágúst. Utan háannatíma er eftirliti á svæðinu hagað eftir þörfum. Landverðir á Látrabjargi sinna einnig lítilsháttar eftirliti á Rauðasandi og annast salerni á Brunnum.

Landverðir sinna viðhaldi, eftirliti, fræðslu og upplýsingagjöf til gesta sem sækja svæðið heim. Gestum svæðisins er skylt að hlíta fyrirmælum landvarðar eða annarra starfsmanna hvað snertir umgengni og háttsemi í friðlandinu.

## Sjálfbóðaliðar í náttúruvernd


Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar vinna að viðhaldi innviða á hinu friðlýsta svæði eftir þörfum á sumrin.

## Stefna

*Húsnæði fyrir landverði skal vera í nágrenni friðlandsins. Stefnt skal að því að fjölga landvarðavikum á Látrabjargi í samræmi við þarfir friðlandsins og komutölur gesta.*

### Árlegar aðgerðir

- *Vinna fræðsluáætlun fyrir Látrabjarg*
- *Hafa samráð við Vegagerðina varðandi mögulegt aðgengi landvarða að áhaldahúsi.*





# Fræðsla og kynning

Finna má upplýsingar um friðlandið á [vefsvæði Látrabjargs](#) á heimasíðu Umhverfisstofnunar en uppfæra þarf síðuna og bæta þar við fróðleik. Enn fremur þarf að útbúa enska útgáfu síðunnar. Fræðsluskiltum hefur áður verið lýst í kafla um skilti og þá veita landverðir upplýsingar innan svæðisins í samræmi við fræðsludagskrá svo sem fjallað er um í kafla um landvörslu.

## Stefna

*Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru, sögu og menningarminjar friðlandsins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt svo gestir svæðisins meti, skilji og tengist þeim náttúruminum sem verið er að vernda. Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta.*

## Árlegar aðgerðir

- *Setja fram fræðsludagskrá landvarða.*



# Öryggismál

Umhverfisstofnun hefur unnið áhættumat fyrir störf landvarða og sérstök atvikaskrá er haldin. Í hana skulu starfsmenn skrá hvers kyns slysatilvik en slíkar skráningar nýtast m.a. við skipulagningu á innviðurbótum. Á brúnum Látrabjargs er fall- og hrunhætta en vitað er um sprungur í berginu á nokkrum stöðum. Öryggisgirðing og varúðarskilti við gönguslóða milli vita og Ritugjár varna því að gestir fari of nálægt bjargbrún og skilti ofan Stefnis varar fólk við hættum sem leynst geta á gönguleiðinni framundan. Í vonskuveðrum getur verið illa stætt á bjarginu. Skilti sem varar við hættum er staðsett í skiltaborg við bílastæði á Bjargtöngum.

## Stefna

*Miðla skal upplýsingum er varða öryggi til gesta með skiltum og landvörslu. Öryggi gesta á gönguleiðum skal tryggt eftir fremsta megni. Halda skal skráningu yfir öll slysatilvik og óhöpp.*

### Árlegar aðgerðir

- *Sinna skal viðhaldi öryggisinnviða.*
- *Verði vart við hættur á gönguleiðum nálægt bjargbrún skal girða hættusvæði af eða auðkenna með skýrum hætti.*



# Rannsóknir og vöktun

Fuglalíf í Látrabjargi er ágætlega þekkt en talningar og merkingar hafa farið fram á nokkrum tegundum í bjarginu [3,4,7,14]. Upplýsingar um rannsóknir á lífríki Látrabjargs og Breiðafjarðar, s.s. um fugla og vistgerðir, er að finna á heimasíðu [Náttúrufræðistofnunar Íslands](#). Einnig er unnt að finna upplýsingar á heimasíðu [Náttúrustofu Norðausturlands](#) sem og á leitargátt íslenskra safna, [Leitir](#), með því að setja inn viðeigandi leitarorð. Árið 1997 var tekið saman [yfirlit rannsókna um lífríki sjávar í Breiðafirði](#) og þar eru taldar upp nokkrar rannsóknir hvar Látrabjarg kemur við sögu.

Sjávarhiti og -selta eru mæld við Látrabjarg, fyrst á fimmta áratug síðustu aldar en með reglulegum hætti frá því á áttunda áratugnum. Í [hafsjá Hafrannsóknarstofnunar](#) má finna gögn um hita, seltu, dýpi og flokkun hafsbots innan friðlandsins.

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilmáttá íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis.

Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs, Þingvallabjórðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unnin samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilmáttá íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Látrabjarg en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.







### 3.

## Sérreglur

Þetta er fyrsta línan í þessum skýrslu.

Þetta er önnur lína í þessum skýrslu.

Þetta er þriðja lína í þessum skýrslu.

Þetta er fjórða lína í þessum skýrslu.

Þetta er fimmta lína í þessum skýrslu.

Þetta er sjöunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er áttaunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er níunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er tíunda lína í þessum skýrslu.

Þetta er ellefta lína í þessum skýrslu.

Þetta er tólfunda lína í þessum skýrslu.


Þetta er þrettunda lína í þessum skýrslu.



# Sérreglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl innan friðlandsins sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- 1. Allt flug innan 3500 feta frá sjávarmáli innan friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl– 31. ágúst. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofnana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum*
- 2. Klifur og sig, annað en það sem tengist nytjum landeigenda, er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.*
- 3. Landeigendum er ekki heimilt að framselja rétt sinn til eggjanytja nema með leyfi Umhverfisstofnunar.*
- 4. Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og að beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og landeigendur.*







UMHVERFIS  
STOFNUN





# Heimildir

1. Andrés Davíðsson (1977). Látrabjarg. Ársrit Útivistar 1977: 49-61.
2. Arnþór Garðarsson (1986). Lífið í Látrabjargi. Ferð frá Reykjavík yfir Breiðafjörð á Rauðasand og Látrabjarg 11.-14. júlí 1986. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Bls. 14-15.
3. Arnþór Garðarsson (1995). Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. Bliki, 16.
4. Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl (2019). Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. Bliki, tímarit um fugla, bls. 35-46.
5. Birna Lárusdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck (2016). Fornleifaskráning á þremur jörðum í Rauðasandshreppi. Hvallátrar, Breiðavík og Keflavík. Fornleifastofnun Íslands.
6. Douglas B. McNair, Ómar Runólfsson og Gaukur Hjartarson (2008). Fyrsta staðfesta varp sportittlings á Íslandi. Bliki, tímarit um fugla, 29.
7. Erpur Snær Hansen og Arnþór Garðarsson (2021), óbirt handrit.
8. Freydís Vigfúsdóttir (2021). Sjófuglar. Í Guðmundur J. Óskarsson (ritstj.), Staða umhverfis og vistkerfa í hafinu við Ísland og horfur næstu áratuga. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2021-14.
9. Gísli Már Gíslason og Ólafur B. Thoroddsen (2020). Látrabjarg. Rauðasandshreppur hinn forni (bls. 205-215). Ferðafélag Íslands.
10. Guðmundur Ólafsson (1995). Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1994 VII. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.
11. Haukur Jóhannesson (1986). Þættir úr jarðfræði Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafirðingur 44:59-75.
12. Kjartan Ólafsson (2019). Hvallátur við Látrabjarg og verstöðin Brunnar. Sagnabrunnur Vestfjarða.
13. Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2018), Lundi (Fratercula arctica), Náttúrufræðistofnun Íslands.
14. Náttúrufræðistofnun Íslands (2021), óbirtar niðurstöður fuglatalninga í Látrabjargi.
15. Yann Kolbeinsson o.fl (2019). Vöktun bjargfuglsstofna á Íslandi 2017-2019. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1906.
16. Yann Kolbeinsson o.fl (2023). Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2020-2022. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2304.





UMHVERFIS  
STOFNUN